

Hestamannafélagið Kjóavöllum

15. fundur, haldin mánudaginn 11.02.2013 kl. 12:00 í Hamraborg 10.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Halldór H. Halldórsson, Hermann Vilmundarson og Ingibjörg G. Geirsdóttir .

1. Stjórn HK ákveður að aðalfundi sem vera átti fimmtudaginn 14 feb. nk. er frestað til þriðjudags 19 feb. nk. kl. 20:00. Þessi ákvörðun er gerð vegna fjölda áskoranna félagsmanna þar sem fundur á fimmtudegi rekst á keppni í Meistaradeildinni. HV fær staðfest með salinn í Gláðheimum á þriðjudeginum.
2. Stjórn tilnefnir Þorvald Sigurðsson fundarstjóra og Halldór H Halldórsson fundarritara. Framsaga um skýrslu stjórnar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fjármál Guðmundur Hagalínsson.
3. Lagt verður fyrir aðalfund að félagsgjöld verði 8.000,- kr. á einstaklinga 18 – 67 ára, stjórn verði heimilt að ákvarða lægra gjald, t.d. hálf gjald, á 18 – 21 árs. ekki verður um sérstakt hjónagjald að ræða.
4. Kosning stjórnar, kjósa þarf þrjá nýja aðila í stjórn til tveggja ára, fyrir eru SS, GH, ÞS, og IGG, HHH og HV falla út úr stjórn, HV gefur kost á sér áfram, vitað er um tvo aðra sem eru líklegir til að gefa kost á sér í stjórn félagsins.
5. Tilnefna þarf í nefndir fyrir aðalfund amk. formenn nefnda og hvetja sem flesta félagsmenn til þátttöku í félagsstarfinu.
6. Farið lauslega yfir lög félagsins og þær fyrirspurnir sem bárust með þeim frá Arndísi Sveinbjörnsdóttur. Stjórn er samþykkt fyrirspurn um 5.gr. og 10. gr. í 17. gr. þarf að bæta við að stjórn skuli funda með nefndum í upphafi hvers starfsárs og kynna þeim starfslýsingar sem stjórnin setur. Lög félagsins þarf að kynna á heimasíðum Gusts og Andvara fyrir fund og með glærुकynningu á aðalfundinum.
7. Frá Nafnanefnd eru þrjár tillögur að nöfnum fyrir hið nýja hestamannafélag, það eru Kjói, Gletta og Sprettur. Lén eru frátekin fyrir www.kjoi.is og www.gletta.is sprettur er frátekið, en www.sprettarar.is er laust, kosið verður um þessi nöfn á aðalfundi.
8. Rafmagn að vallarsvæði 150 kvaröt , lögn um 500 mtr. kostar 1,3 m.kr. m/vsk. dekkar allt rafmagn á vallarsvæði fram að LM. Samþykkt af stjórn.
9. Rætt um að taka rafmagn fyrir hljóðkerfi til bráðabirða úr ljósastaur á svæðinu, IGG kannar að leggja þá kapla sem eru til hjá HK frá dómpalli Andvara að enda manar á nýja vallarsvæðinu. Þar verður dómpallur af Gláðheimasvæðinu staðsettur.
10. Fyrstu vetrarleikar verða n.k. laugardag, verðlaunapeningar verða ómerktir og vígsluathöfn frestast þar til síðar. ath. samfara kirkjureið eða gæðingakeppni.
11. Staða framkvæmda við reiðhöll rædd stuttlega.
12. UMSK. IGG og HV með það mál hjá sér, tveir aðila hafa óskað eftir setu á UMSK þingi 21. feb. nk.

13. HV ræddi sumarskóla – reiðskóla á vegum félagsins og í tengslum við íþróttá- og tómstundaráð Kóp. og Gbæ. Þarf að finna flöt á því fyrir en síðar.
14. IGG ræddi rekstrarhring, hvernig hægt væri að koma honum við og hvort hann heyrði undir vallarnefnd.
15. ÞS ræddi möguleika á að hestamenn fengju gömlu túnin við fjarskiptastöðina til afnota, þarf að ganga eftir því við Gbæ. Upplagt sem beitarhólf fyrir t.d. reiðskóla og tjaldsvæði fyrir landsmót. Móann ofan við gamla Andvaravöllinn þarf að plægja upp og sá í. gæti nýst fyrir ýmsa leiki og aðstöðu keppenda á LM.

Fleira ekki færi til bókar, fundi slitið kl. 13:50

Fundarritun Halldór H. Halldórsson